



ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

Ættleiðing

FRÉTTABRÉF ÍSLENSKRAR ÆTTLEIÐINGAR - 1. TBL. MAÍ 1999



Draumur sem rættist, mæðgurnar f. v. Björg, Uma og Halldóra.

Norræn ráðstefna 9.-11. september í Reykjavík

Aðalfundur og ráðstefna samtaka norrænu ættleiðingarfélaganna, Nordic Adoption Council (NCA) verður haldinn í Reykjavík
9. - 11. september nk.
Pema ráðstefnunnar er
Börn sem alast upp á stofnunum
- með sérstakri áherslu á Rúmeníu.
Sjá nánari umfjöllun um ráðstefnuna á baksíðu.

Útilegan í sumar 16. - 18. júlí 1999

Útilega félagsins verður
að þessu sinni
við Heiðarskóla, Leirársveit
helgina 16. til 18. júlí.
Tjaldstæði og innigisting.
Sundlaug á staðnum og fleira.
Nánari upplýsingar
þegar nær dregur. Hittumst öll
í sumarskápi.

Meðal efnis:

- Bls. 2 Frá skrifstofu**
- Bls. 3-4 Ferð til Rúmeníu**
- Bls. 6 Draumur sem rættist**

- | | |
|----------------|-----------------------|
| Bls. 8 | Pankar um |
| | fjölskyldugerð |
| Bls. 10 | Skattamál |
| Bls. 11 | Barnasíðan |



ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

Fréttabréf Félagsins
Íslensk Ættleiðing

Útgefandi:
Íslensk Ættleiðing
Grettisgötu 6
101 Reykjavík
Sími: 551 4280
Fax: 562 4910

Ábyrgðamaður:
Olga Stefánsdóttir

Ritnefnd:
María J. Gunnarsdóttir
Snjólaug Stefánsdóttir

Opnunartími skrifstofu:
kl. 10-12 miðvikudag og föstudag
Starfsmaður skrifstofu:
Guðrún Sveinsdóttir

Stjórn:
Ingibjörg Birgisdóttir, formaður
Lísá Yoder, varafirmaður
Olga Stefánsdóttir, gjaldkeri
Ingvar Kristjánsson, ritari
Guðrún Sveinsdóttir, meðstjórnandi
Guðlaug Guðmundsdóttir,
varamaður
Ásdís Guðmundsdóttir, varamaður

Fulltrúar í Norðurlandsdeild:
Elín Hallgrímsdóttir, Akureyri
Helgi Stefánsson, Akureyri
Sigurlína Jónsdóttir, Húsavík

Fræðslunefnd:
Ásdís Guðmundsdóttir
Guðlaug Guðmundsdóttir

Umbrot og prentun:
Prentstofan
Hvíta Örkin

Fréttir frá skrifstofu

Gott gengi ÍÆ á síðasta ári

Á síðastliðnu ári komu 10 börn frá Indlandi og 5 frá Rúmeníu. Að auki ættleiddu fjölskyldur í félagini tvö börn á eigin vegum þ.e. félagið aðstoðaði ekki við ættleiðingarnar. Góðir gestir komu til Íslands í júní síðastliðnum, þau Anju frá Kalkútta og Tony sonur hennar. Barnaheimili þeirra flutti í stærra húsnæði í apríl síðastliðnum og eru á nýja heimilinu um 50 börn.

Ágæt byrjun

Þegar þetta er skrifað í byrjun apríl eru komin heim sex börn og það sjöunda á leiðinni. Frá Kalkútta eru komnar þrjár litlar stúlkur og ein þriggja ára frá Madras á Suður-Indlandi. Fleiri börn eru væntanleg frá Kalkútta á næstunni. Frá Rúmeníu kom stúlka í febrúar og drengur kemur þaðan í apríl. Thailenskur drengur var ættleiddur af thailensk-íslenskri fjölskyldu en félagið aðstoðaði eins og thailensk lög gera ráð fyrir. Margar umsóknir eru erlendis.

Mikil fjölgun umsókna.

Fyrirspurnum og umsóknum hefur fjöldað mjög það sem af er árinu sé miðað við síðustu ár. Ekki er gott að sjá hvað veldur en það er ánægjulegt að fleiri barnlaus hjón skuli hafa komið auga á þennan góða möguleika sem ættleiðing er vissulega.

Vonbrigði.

Núgildandi ættleiðingarlög eru frá 1978 og er þar ekki minnst einu orði á erlendar ættleiðingar svo verulegra úrbóta er þörf. Frumvarp til nýrra ættleiðingarlaga var lagt fram á Alþingi í byrjun árs. Því miður fór svo að ekki náðist að afgreiða frumvarpið úr allsherjarnefnd og bíðum við því enn eftir langþráðum lagabreytingum. Vonandi verður frumvarpið samþykkt í haust og verður stjórn ÍÆ að þrýsta á til þess að svo verði.

Frumvarpið var samið af sifjalaganefnd og lagt fram af dómsmálaráðherra og fékk stjórn ÍÆ að gera tillögur á vinnslustigi og athugasemdir við frumvarpið áður en það var lagt fram. Margar af tillögum okkar voru tekna til greina, en þó vantar enn í frumvarpið málsskotsrétt/áfrýjunarrétt umsækjenda til annars aðila en ráðuneytisins sjálfs. Vilyrði til ættleiðingar eða synjun þess er svo mikilvægt tilfinningamál fyrir viðkomandi að vissulega þarf vandaða málsmeðferð sem er yfir gagnrýni hafin. Oft hefur heyrst talað um að ekkert samræmi sé í meðferð umsókna og að ákvárdanir séu tekna að geðþóttu ráðuneytisfólks og er það miður.

Væntingar

Við vonumst til fjölgunar ættleiddra barna sem koma heim á árinu og frábært væri ef okkur tækist loks að koma á samstarfi við kínversk ættleiðingaryfirvöld. Samþykkt nýrra ættleiðingarlaga og aðild Íslands að Haag sáttmálanum um ættleiðingar milli landa myndi auðvelda samstarf við öll erlend ættleiðingaryfirvöld. Einnig yrði þá loks hægt að löggilda starfsemi félagsins sem er mjög brýnt.

Á döfnni.

Norræn ráðstefna verður haldin í Reykjavík 9. - 11. september nk. þar sem munu hittast fulltrúar flestra félaga í nágrannalöndum sem starfa saman undir merki NAC- Nordic Adoption Council og er búist við tæplega 100 þátttakendum. Ekki hefur áður verið haldin hérlandis alþjóðleg ráðstefna um alþjóðlegar ættleiðingar.

Hugsanlega koma fleiri góðir gestir til ÍÆ á árinu en frú Coman, lögfræðingur í Rúmeníu, hefur lýst áhuga á að heimsækja "fjölskyldurnar sínar", ákvörðun hefur þó ekki verið tekin.

Ferðin til Rúmeníu

Loksins, loksins var ferð okkar orðin að veruleika. Við hjónin vorum á leið til Rúmeníu að sækja drenginn sem beið okkar bar. Þessi litli hnokki, sem við vorum búin að horfa á myndir af frá því í byrjun maí, var alveg að verða tveggja ára (16. ágúst) og var í einu orði sagt yndislegur. Og þegar við fengum hann í fangið gleymdist fljótt hvað við vorum búin að bíða lengi eftir honum en ýmsar tafir urðu á málinu öllu m.a. vegna stjórnarbreytinga og breytinga á fyrirkomulagi ættleiðinga í Rúmeníu, en gera þurfti tvíhlíða samning milli landanna þar sem Rúmenar höfðu staðfest alþjóða sáttmála um ættleiðingu barna en Íslendingar ekki.

Við lögðum af stað frá Íslandi 6. ágúst til Amsterdam þar sem við gistum í tvær nætur og flugum þann 8. ágúst með KLM til Rúmeníu. Madam Coman og sonur hennar Alexander, sem túlkaði, tóku á móti okkur við komuna til Búkarest og voru okkur til aðstoðar allan tímann sem við dvöldum þar. Við bjuggum í íbúð Alexanders sem er alveg ágæt. Stutt var í verslanir og fórum við oft með strákinn í kerru til að versla í mat og annað. Flestar nauðsynjavörur fást og matur er ágætur og óþarfi að hafa áhyggjur af að fá í magann. En allur er varinn góður og samt vissara að hafa með sér ýmis lyf að heiman ef eitthvað slíkt kæmi uppá. Það er mjög heitt á þessum tíma í Rúmeníu og hitinn var yfir 30 til 35° allan tímann og því mjög heitt í íbúðinni sem er ekki loftkæld. Í íbúðinni er allt það nauðsynlegasta, eldhúsáhöld, sængurfatnaður, handklæði og hreinlætisvörur og nú er komið

barnarúm sem við komum með og er eign Íslenskrar Ættleiðingar.

Sunnudaginn 9. ágúst fengum við svo að ná í strákinn og vorum við afar eftirvætingarfull og spennt að sjá hann. Um kl. 10 um morguninn vorum við sótt af Madam Coman og Alexander sem keyrðu okkur til heimilisins en það var u.p.b. 20 til 30 mínútna akstur. Þetta er stórt hús á tveimur hæðum, umlukt stórum garði með háum trjám. Þegar við komum voru börn á leik í garðinum þar á meðal litli drengurinn okkar.


Það var yndisleg tilfinning er ein af starfsstúlkunum kallaði á hann, núna væru "mamma og pabbi" komin og hann trúlaði, hálf feiminn, fyrst í fang mömmu og síðan í fang pabba og hélt fast og brosti.

Það kom okkur mjög á óvart að við máttum fara um allt inni á heimilinu, sjá vistarverur barnanna og taka myndir bæði inni og úti. Aðbúnaðurinn var miklu betri en við bjuggumst við og allt hreint og fínt. 80 börn voru á heimilinu og getur maður gert sér í hugarlund hversu mikilvægt starf starfsstúlkanna er, en þær voru ekki margar. Við komum með svolítið af fatnaði og leikföngum handa börnunum og var það vel þegið því alltaf er þörf á slíku.

Við dvöldum í viku í Rúmeníu með strákinn, sem við vorum farin að kalla Eyjólf, og gekk allt vel. Hann er svolítið mikill fyrir sér, ofboðslega atorkusamur og stoppaði ekki, þurfti að



Fyrstu kynni -
Eyjólfur var úti í garði
að leika þegar
foreldrar hans komu
til að hitta hann
í fyrsta skipti.



Eyjólfur er fæddur 16. ágúst 1996.

koma við og kanna alla hluti. Hann var líka mjög blíður og góður og vildi kyssa okkur í tíma og ótíma og var afar duglegur að borða. Og hann náði meira að segja nokkrum orðum í íslensku á þessari viku.

Það er vissulega mikil breyting og röskum hjá barni sem orðið er tveggja ára og farið að hafa svolítið vit og þroska, allt í einu að fara burtu og til einhverra sem hann þekkir ekki. Það tekur tíma að aðlagast, en það er þess virði, það finnst okkur foreldrunum og hann á allan okkar tíma.

Allt gekk eins og í sögu við að ná í vegabréf drengsins og fæðingarvottorð og fengum við alla pappíra í hendur þann 10. ágúst. Madam Coman var bæði undrandi og glöð yfir því hvað þetta gekk vel því búið var að gera ráð fyrir að þetta tæki kannski two til þrjá daga. Því varð það að við gátum flýtt heimferðinni, við höfðum áætlað að vera fjórum dögum lengur. Við viljum hér með hrósá Ferðaskrifstofu Íslands og sérstaklega henni Önnu fyrir mjög góða og hraða þjónustu vegna þeirra breytinga sem við þurftum að gera á fluginu. Við höfðum þó tíma til að sjá og skoða heilmikið, bæði í borginni og eins fórum við í ferð í boði Madam Coman og Alexanders, u.p.b. tveggja tíma akstur í norður frá Búkarest upp í fjallaþorp og skoðuðum m.a. mjög fallegan, gamlan kastala sem heitir Sinaia (byggður 1875) þar sem fjórí konungar hafa búið. Þann 14. ágúst flugum við svo til Amsterdam, gistum þar á Holiday Inn við flugvöllinn og flugum svo heim þann 15. ágúst.

Vonandi eignum við eftir að heimsækja Rúmeníu aftur og kynnast betur landi og þjóð.

Guðrún Indriðadóttir og Jón Eyjólfsson

Sá sem ferðast hefur frá einhverju að segja

Til þeirra foreldra sem hafa hug á að ferðast með börn sín til upprunalandsins hefur Birgitta Nilsson gefið nokkur góð ráð. Þau eru birt í blaði sánska ættleiðingafélagsins. Birgitta hefur umsjón með þessum ferðum fyrir hönd sánska félagsins.

Undirbúningur og skipulagning

- Hafið samband við þá sem á að heimsækja með góðum fyrirvara. Hugið að hátfíðisdögum í viðkomandi löndum.
- Ef ferðast á í hóp er gott að a.m.k. eitt annað barn sé á sama aldri og þitt. Börnin þurfa ekki öll að vera jafnaldrar.
- Það er best að gefa möguleika á tveimur heimsóknum til barnaheimilisins eða til þeirra sem á að hitta á staðnum. Barnið man ef til vill ekki eftir öllu sem það langar að spyrja um í fyrstu heimsókn eða það gleymist að taka myndir af einhverjum. Önnur heimsóknin er einnig afslapapaðari.
- Það getur verið nauðsynlegt að hafa loftkælingu í hótelherbergini ef ferðast er á heitasta tímanum. Og ef verið er lengi á sama stað þá getur verið gott að þar sé sundlaug.
- Hafið ferðaplanið ekki of stíft. Hálfsdags skoðunarferðir er hámarkið. Sleppið heldur skoðunarferðum en að troða þeim inn í dagskrána. Hugið að aldri barnsins þegar skoðunarferðir eru skipulagðar.
- Takið fram við ferðaskrifstofuna, ef hún hún er fyrir hendi, að þið viljið leiðsögumann sem er vanur börnum.
- Hafið tíma til að versla og ekki bara á mörkuðum heldur líka í stærri verslanamiðstöðvum.
- Undirbúið og fræðið barnið vel um landið, hitann, fátaekt, betl, heimsókn á barnaheimilið osfrv. Það er mikilvægt að barnið hafi raunhæfar væntingar um ferðina. Undirbúið það líka undir vonbrigði.
- Ef ferðast er í hóp þá er nauðsynlegt að hittast áður svo hægt sé að kynnast og ræða um hvað fjölskyldan ætlar að fá út úr ferðinni.

Til að hafa í huga á ferðalaginu

- Á lengri rútuferðum er nauðsynlegt að stoppa oft til að fá sér ferskt loft
- Gerið ekki kröfu um að barnið hlusti stöðugt á leiðsögumanninn. Hlustið sjálf og takið niður punkta og svarið síðan spurningum barnsins ef það spyr.
- Áður en farið er á barnaheimilið er mikilvægt að hugleiða hvernig fjölskyldan og barnið munu bregðast við. Mikilvægt er að vera vakandi fyrir hvernig barnið bregst við og hlusta á það.

Eftir að heim er komið

- Ef ferðast hefur verið í hóp er gott fyrir barnið að hitta hópinn á eftir og ræða um reynsluna

MJG (Adoptivfamiljer nr. 1 mars 1998)

Nýir íslendingar



Daniel Ratan Pórsson, f. 25.09.97,
kom heim frá Kalkútta 31.05.98.
Foreldrar hans eru Pór Jakob Einarsson og
Elva Björk Sigurðardóttir og stóri bróðir
Daniels heitir Stefán Ísak.



Kamilla Rún, f. í Kalkútta 01.10.97
kom heim 14.06.98 með Anju og Tony.
Helgi Stefánsson og Hjördís Jónsdóttir
hafa áður ættleitt Þorvald Orra og
Einar Gauta frá Kalkútta.



Vökkvi Alexander Rounak Jónsson, f. 03.12.97 í Kalkútta
kom 31.05.98. Foreldrar hans Jón Özur Snorrason
og Alda Jónsdóttir og stóri bróðir Völundur
sóttu hann til Kalkútta.



Sólveig Diljá Haraldsdóttir, f. 08.12.97
kom heim frá Kalkútta með Anju og Tony 14.06.98.
Foreldrar hennar eru Haraldur Guðmundsson
og Sigurbjörk Þorsteinsdóttir sem líka eiga
Guðmund Helga og Róberti Smára frá Kalkútta.



Beta Dagný Hannesdóttir, f. 07.12.97 í Kalkútta
kom heim 31.05.98.
Foreldrar hennar eru Hannes Kristinsson
og Rósá Sigridur Gunnarsdóttir.



Fridþjófur Vífill Snorrason, f. 27.02.98
kom heim 16.08.98 frá Kalkútta með foreldrum sínum Snorra Jónssyni
og Jönbjörku Aðalsteinsdóttur, heima beið stóri bróðir Páll Thamrong
sem er fæddur í Tælandi.



Björgvin Gústav Hreinsson, f. 07.03.98
kom heim frá Kalkútta 16.08.98
með foreldrum sínum Hreini Sigurjónssyni
og Hönnu Erlingsdóttur.

Draumur sem rættist

Halldóra Karlsdóttir og dóttir hennar Björg Sigríður Hermannsdóttir 16 ára, hafa lengi átt sér draum um að taka að sér barn sem býr við bág kjör. Draumurinn rættist í febrúar síðastliðnum þegar Halldóra ættleiðdi Umu, þriggja ára gamla stúlku frá Madras á Indlandi. Ættleiðing Umu er um margt sérstök og má segja að með henni hafi verið brotið blað í sögu ættleiðinga erlendis frá. Fyrst er að nefna að Halldóra er einstæð módir og hefur ekki ádur einhleypum einstaklingi verið veitt heimild hér á landi til að ættleiða barn erlendis frá. Í öðru lagi er Uma orðin þriggja og hálfs árs en flest börn sem hingað koma eru innan við eins árs og í þriðja lagi fór Halldóra ekki og sótti hana, eins og venjan er, heldur kom forstöðumaður barnaheimilisins með hana hingað til lands.


Við ritstýrnar sem báðar tilheyrum þeim stóra hluta þjóðarinnar sem ekki býr í hinni hefðbundnu kjarnafjölskyldu, þar sem maður sér fyrir sér mömmu, pabba og börnin tvö, vorum að vonum spenntar að hitta þessar þrautseigu mæðgur. Guðný Rut Uma Karlsdóttir, sem gengst við indverska nafni sínu Uma, tók fagnandi á móti okkur ásamt mömmu sinni og systur þegar við

bönkuðum uppá í mars s.l. Hún kom til landsins 12. febrúar s.l., þriggja og hálfs árs fjörmikil og falleg stúlka. Algjört orkubúnt eins og mamma hennar segir. Hún er á ferð og flugi, rannsakar heiminn og granskoðar alla hluti af nákvæmni og fórum við gestirnir ekki varhluta af þeirri athugun.

Það er rúmur mánuður síðan Uma kom til landsins, hún er farin að tala heilmikið og skilja enn meira.

En gefum Halldóru Karlsdóttur nýbakaðri móður orðið.

“Ég hef átt þennan draum, ásamt dóttur minni, í mörg ár og er búin að berjast með hléum í níu ár fyrir því að láta hann rælast. Draumurinn var að taka að okkur barn sem væri eitt í heiminum og veita því ást og umhyggju. Þegar ég byrjaði að kanna möguleika á að ættleiða barn erlendis frá kom ég alls staðar að lokaðum dyrum í kerfinu. Ég veit að fyrir allmörgum árum fengu tvær eða þrjár einhleypar konur leyfi til að ættleiða börn sem fædd voru á Íslandi. Ég er sú fyrsta sem fæ leyfi til að ættleiða barn erlendis frá. Á Norðurlöndum er einhleypum heimilað að ættleiða börn og vonandi verður þetta til að opna betur fyrir þann möguleika hjá okkur. Mér er



Hamingjusamar mæðgur.


kunnugt um að það er víða áhugi á þessu máli.”

Pú átt dóttur og getur fætt barn sjálf?

“Já, það er ekki málið, málið er að ég vil hjálpa nauðstöðdu barni um leið og ég verð þeirrar gæfu aðnjótandi að eignast barn. Ég er mikil barnakerling. Fyrir nokkrum árum ákváðum við mæðgur t.d. að svara auglýsingu Félagsmálastofnunar eftir stuðningsfjölskyldu fyrir börn á þeirra vegum. Okkur var snarlega hafnað sem stuðningsfjölskyldu vegna þess að við vorum bara tvær, sem sagt, ég átti ekki mann, það þótti okkur skrýtið. Þessi hugsun, þessi löngun að taka að okkur foreldralaust barn hefur fylgt okkur lengi. Við höfum starfað töluvert með Hjálparstarfi kirkjunnar og erum m.a. styrktarfjölskylda fyrir barn í Andhra Pradesh á Indlandi. Við mæðgurnar, ásamt Vilborgu systur minni fórum til Indlands í ágúst 1996 með Hjálparstarfi kirkjunnar. Við heimsóttum fósturbörnin okkar sem búa í Madras og Andhra Pradesh ásamt hóp af fólk í sömu erindagjörðum. Vilborg styrkir þrjú börn á Indlandi og ég eitt.

Hafði þessi ferð til Indlands einhverja þýðingu fyrir ættleiðinguna á Umu?

“Já, eftir þá ferð ákvað ég að leggja allt kapp á að ættleiða stúlku frá Indlandi




Uma í hópi annarra barna á barnaheimilinu í Madras.

sem væri orðin einhverra ára gömul. Flestir sem ættleiða vilja nýfaedd börn. Staða og framtíðarhorfur foreldralausra barna á Indlandi eru slæmar og það dregur úr áhuga á að ættleiða þau eftir því sem þau eldast. Framtíðarhorfur stúlkna við þessar aðstæður eru sérstaklega slæmar. Á ferð okkar til Madras 1996 komumst við í samband við Mr.Thangavel. Hann vinnur að ýmsum hjálparstörfum. Hann rekur meðal annars barnaheimili og kemur munaðarlausum börnum til ættleiðingar. Einnig rekur hann skóla, heimsækir þorp og fræðir konur. Konur sem eiga börn utan hjónabands eiga oft litla von um að geta haldið börnum sínum. Staða einstæðra mæðra á Indlandi er slæm og ef þær giftast verða þær oft að afneita börnum sínum. Hann var sjálfur þannig tilkominn. Móðir hans þurfti að afneita honum og sú reynsla hefur eflaust orðið þess valdandi að hann hefur helgað líf sitt hjálparstarfi.”

Hvað varð til þess að þú fékkst loks langþráð leyfi til að ættleiða barn?

“Fyrir 3 árum frétti Björg á heimili vinkonu sinnar, að ný lög um ættleiðingu væru í smíðum þar sem rýmka ætti lögini, m.a. að veita sambúðarfólkí leyfi. Þá fór ég aftur af stað. Ég fékk langþráð vilyrðið þann 3. júní 1997 á afmælisdegi móður minnar heitinnar. Það var mikill gleðidagur. Það var engin fyrirstaða hjá yfirvöldum á Indlandi vegna stöðu minnar sem einstæðrar móður, sem betur fer. Ég hafði verið í sambandi við Mr. V.Thangavel en á barnaheimili hans eru m.a. eldri börn sem vantar foreldra. Við vildum taka að okkur eldra barn, því vandi þeirra er mestur, en réttur til fæðingarorlofs fellur niður við fimm ára aldur barns og því gat ég það ekki. Ég tel þessi fimm ára aldursmörk vera allt of lág og vona ég að fljóttlega verði þau mörk hækkuð verulega. Ég vona að reynsla míni verði til þess að fólk hugleiði þann möguleika að ættleiða eldri börn, í stað þess að einblína nær eingöngu á ættleiðingu ungbarna. Að mínu mati höfum við gefið því alltof líttinn gaum að taka eldri börn til ættleiðinga hér á Íslandi.

Svo rann upp langþráður dagur tuttugu mánuðum eftir leyfisveitinguna. Þann 12. febrúar s.l. kom Uma til landsins í fylgd Mr. V. Thangavel frá barnaheimilinu í Madras. Við fórum þrjár út á flugvöll, ég, Björg og Villa systir. Pau komu síðust út úr vélinni, við vorum orðnar ansi óttaslegnar um að eitthvað



Thangavel og Uma á Íslandi.

hefði farið úrskeiðis. En svo komu þau og biðin var á enda.”.

En hvað segir Björg um komu Umu í fjölskylduna?

“Mig hefur lengi langað til að eignast systkini og hef verið þáttakandi með mömmu í öllum undirbúningi gegnum árin. Við höfum rætt það og skipulagt í mörg ár að mamma ættleiddi stúlkubarn frá landi þar sem þær ættu erfitt uppdráttar. Þetta hefur verið okkar draumur sem nú hefur ræst. Ég var 13 ára þegar við fórum til Indlands að heimsækja stúlku sem við styrkjum. Hún er ári yngri en ég og var það mjög eftirminnilegt og lerdómsríkt ferðarlag. Ég hef líka tekið þátt í hjálparstarfi kirkjunnar, með mömmu og Villu. Vinum mínum hefur fundist þetta allt mjög spennandi og líkast ævintýri. Öll fjölskyldan og vinir styðja okkur í þessu máli. Tilveran hefur auðvita mikið breyst við komu Umu en það er bara til hins betra, nú er einum fleira í fjölskyldunni og ég hef eignast langþráða systur.”

Hvernig stóð á því að þið fóruð ekki til Indlands að sækja hana eins og flestir hafa gert sem ættleiða börn erlendis frá?

Halldóra hefur orðið:

“Mr. V. Thangavel vildi koma hingað og skoða aðstæður, hitta ráðamenn og fulltrúa Íslenskrar Ættleiðingar. Hann bjó hjá okkur meðan hann dvaldi hér og það var gott fyrir Umu. Hann sagði okkur líka margt sem er gott að geta miðlað til hennar. Uma er altalandi á tamil og það er vel hugsanlegt að hún geti halddi málínun. Hjá okkur býr nefnilega ungr indverskur maður. Hann heitir Vijay og er rafmagns-

verkfraðingur og tölvunarfræðingur að mennt. Við kynntumst honum og móður hans í Madras og það varð að samkomulagi að ef við gætum útvegað honum vinnu á Íslandi þá væri honum velkomið að búa hjá okkur. Á Indlandi er mikið atvinnuleysi og erfitt fyrir nýútskrifaða að fá vinnu. Það reyndist auðvelt að útvega honum atvinnu og starfar hann hjá tölvufyrirtækinu Teymi. Það hittist svo á að hann kom hingað tveimur dögum á eftir Umu. Vijay talar tamil og Uma leitar mikið til hans. Það er gott að hafa Vijay hjá okkur, hann er ánægður hér, líkar vel í vinnunni og segir að fólk taki sér vel”.

Hvernig hefur svo gengið síðan Uma kom?

“Þó að hún sé á fjórða ári hefur allt gengið mikið betur en við þorðum að vona. Hún grét og gargaði mikið fyrstu dagana er henni var bannað eitthvað, var óörugg og reyndi á öll mörk, en nú ganga samskiptin betur og betur. Ég hafði t.d. áhyggur af því að við skildum ekki hvor aðra og hún gæti ekki borðað matinn hér. En þetta er allt að koma, við skiljum hvor aðra vel og hún er mikill mathákur. Það þarf að gefa börnumum góðan tíma og undirbúa ættleiðinguna vel. Einnig að mynda tengsl við þau eins fljótt og auðið er. Hún vill sofa uppi hjá mér og færí ég hana í sitt rúm þegar hún er sofnuð. Hún er mjög dugleg, ákveðin og sprellfjörug og þarf allt að prófa. Mr.Thangavel var búinn að undirbúa hana vel fyrir komuna til okkar, segja henni frá okkur og hvað biði hennar og sýna henni myndir af okkur. Hún er búin að samþykka okkur sem mömmu og systur. Draumur okkar hefur ræst - Uma er komin.”

S.G.S og M.J.G.

Pankar um fjölskyldugerð

Er ein fjölskyldugerð betri en önnur fyrir börn?

Hverjir eru vel fallnir til að ala upp börn og hverjir ekki? Hvaða aðstæður eru heppilegar fyrir börn og hvaða ekki? Af hvaða hvötum ættleiðir fólk? Pessar og viðlika spurningar leita á hugann þegar rætt er um rétt einstaklinga til ættleiðinga og rétt barna til umönnunar. Í þessu tölublaði Fréttabréfs Íslenskrar Ættleiðingar er viðtal við nýbakaða einstæða móður, þá fyrstu sem fær leyfi til að ættleiða barn erlendis frá. Pessum áfanga ber að fagna og um leið vona að frumvarp að nýjum ættleiðingarlögum, sem vonir stóðu til að yrðu afgreidd sem lög á síðasta þingi, verði samþykkt á því næsta.

Allt fram á þennan dag hefur aðeins giftu fólki, karli og konu sem búið hafa saman í einhver lágmarksþjólda ára verið veitt leyfi til ættleiðingar. Pessi heimild er rýmuð í þessu nýja frumvarpi. Í því er jafnframt gert ráð fyrir að karli og konu í sambúð sé gert mögulegt að ættleiða og við sérstakar aðstæður einnig einhleypum einstaklingum.

Margþaett mynstur

Það er fagnaðarefni að fleirum sé gert mögulegt að ættleiða og í raun furðulegt að sambúðarfólk og einhleypum hafi ekki fyrir löngu verið heimilað að ættleiða í ljósi raunveruleika þessara mála hér á Íslandi. Einhleypir foreldrar og foreldrar í sambúð flokkast væntanlega undir það sem telst æði hversdagslegt í okkar daglega umhverfi. Það telst orðið öllu fréttinæmara ef einstaklingum tekst að halda sig í einu og sama hjónabandinu fram yfir miðjan aldur. Síðast þegar ég heyrði tölur í þessu sambandi var talið að milli 40-50% hjónabanda hér á landi endi með skilnaði. Þá er hlutfall barna sem fæðast utan hjónabands hátt hérlandis. Af þessu má draga þá ályktun að hið minnsta þriðjungur allra barna alist upp í fjölskyldum án beggja kynforeldra, um einhvern tíma a.m.k., mörg upplifa erfiða skilnaði og annan vanda í þessu sambandi eins og gengur.

Ég bý ein með dætrum mínum og hef gert í nokkur ár.

Aðstæður dætra minna eru dæmigerðar fyrir íslenskan veruleika. Þær eiga útivinnandi mömmu, sem fer um leið og þær á morgnana. Ég vinn vissulega lengur en þær eru í skólanum og þannig er það líklega viðast. Vinkonurnar búa við ótrúlega fjölbreyttar aðstæður, ýmist hjá einstæðri móður, móður og stjúpa, föður og stjúpu, hjá mömmu og ömmu, eða mömmu og pabba. Systkinin eru hálfssystkini, stjúpsystkini og alsystkini, eða blanda af þessu öllu saman. Í næsta nágrenni við okkur búa m.a. einstæður faðir og börnin hans þrjú, sjómaður og konan hans ættuð frá Tælandi, móðir og stjúpi með börnin tvö, tvær “hefðbundnar kjarnafjölskyldur” og þannig má áfram telja.

Víðsýni og umburðarlyndi

Það er auðvelt að heillast af þessum margbreytileika mannlífsins. Sumir halda að það sé slæmt fyrir börn að alast upp við eitthvað sem er öðruvísi en það viðtekna (venjulega). Og hvað er svo “venjulegt” í þessum málum. Er eitthvað til sem heitir “venjulegar” aðstæður, hefðbundin fjölskyldugerð. Ég hef aldrei skilið fyrirstöðu í ættleiðingum eingöngu vegna “óvenjulegrar” fjölskyldugerðar umsækjenda. Grundvallaratriðin hljóta að vera þau að þeim einstaklingum, sem þrá að eignast barn, vilja veita barninu skilyrðislausá ást og umhyggju og hafa til þess fjárhagslega getu, sé gert kleift að ættleiða. Mest er um vert að vel verði búið að barninu og sú fjölskylda, sem tekur það að sér umvefji það ástríki, öryggi og hlýju. Hvernig fjölskyldan lítur út, hvort viðkomandi sé einhleypur, eða í sambúð með konu eða manni hlýtur að teljast það “venjulega” í þeirri fjölskyldu.

Sýnum hvort öðru virðingu og umburðarlyndi. Fordómar eru hættulegir það vitum ekki hvað síst við sem höfum ættleitt. Höldum því hug og hjarta opnu í þessu málí sem öðrum.

Snjólaug G. Stefánsdóttir

Nýir íslendingar



Birta Rut Vigfúsdóttir, f. 07.04.98 í Kalkútta kom heim 06.09.98 með pabba Sigfúsi B. Ingasyni og mömmu Laufeyju Gísladóttur.



Eyjólfur Jónsson, f. 16.08.96 kom heim frá Rúmeníu 15.08.98. Foreldrar hans eru Jón Eyjólfsson og Guðrún Indriðadóttor og fjölskyldan býr í Reykjavík.



Helga Davíðsdóttir fædd 12.04.97 kom heim 18.11.98. Hún býr í Garðabæ með foreldrum sínum Davíð Þorsteinssyni og Hildi Reynisdóttur.



Kolfinna Ósk Helgadóttir, f. 11.04.98 kom 06.09.98 frá Rúmeníu með foreldrum sínum Helga Ófeigssyni og Huldu G. Finnþogadóttur sem sóttu dóttur sína til Kalkútta.



Ragnhildur Ioana Guðmundsdóttir f. 04.11.95 komst loks heim til Íslands frá Rúmeníu 28.09.98 eftir langa bið. Foreldrar Ragnhildar heita Guðmundur Þórðarson og Hugrún Ragnarsdóttir.



Hrafn Bogdan Haraldsson, f. 02.02.97 í Rúmeníu. Hann kom heim 01.12.98 með foreldrum sínum Haraldi Hrafnssyni og Sólveigu Einarsdóttur. Heima biðu Ósk og Una eftir litla bróður.



Rakel, f. 22.10.97 kom heim frá Rúmeníu 18.12.98. Foreldrar hennar eru Kjartan Guðmundsson og Rós Ingólfssdóttir.

Skattamál

Nú liggur fyrir álit umboðsmanns Alþingis vegna höfnunar ríkisskattstjóra á ívilnunarumsókn vegna ættleiðingar

Málavextir eru þeir sem hér að neðan er lýst:

Árið 1996 óskuðu hjón eftir ívilnun samkvæmt 66. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt, vegna ættleiðingar barns frá Indlandi. Skattstjórin í Reykjanesumdæmi hafnaði umsókn þessari með bréfi dags. 25. júlí 1996, á þeirri forsendu að ekki væri lagaheimild til lækkunar á gjaldastofnum vegna ættleiðinga.

Hjónin kærðu þessa ákvörðun með bréfi dags. 14. ágúst sama ár og benda á að fyrir liggi úrskurður læknis á, að vegna veikinda geti hjónin ekki eignast barn saman og komi til dæmis glasafjóvgun þar ekki til greina. Hjónin hafi því ákvæðið að ættleiða barn og mótmæli því að tilvik sem þetta falli ekki undir 1. tl. 66. gr. laga nr. 75/1981 um ívilnun vegna veikinda.

Skattstjórin í Reykjanesumdæmi staðfesti fyrri ákvörðun sína með úrskurði uppkveðnum 21. október 1996. Hjónin kærðu þennan úrskurð til ríkisskattstjóra með kær dags. 8. nóvember 1996.

Í kærunni er meðal annars tekið fram að hjónin geti ekki fallist á niðurstöðu skattstjórans í Reykjanesi þar sem veikindi hafi verið ástæða þess að hjónin hafi farið út í ættleiðingu auk þess sem dæmi væru um að ívilnun hafi verið veitt í sambærilegum málum í öðrum skattaumdænum.

Ríkisskattstjóri lauk úrskurði í málinu 4. febrúar 1997 með höfnun og taldi að þrátt fyrir að fyrir lægju dæmi um ívilnanir frá skattstjórum í einstökum umdænum breyti það engu um málsmæðerð í þessu máli enda sé þar þá um vangá viðkomandi skattstjóra að ræða.

Þann 3. júní 1997 var málinu síðan skotið til umboðsmanns Alþingis, í málskotinu var meðal annars vitnað til ákvæða laganna um veikindi og samanburð við glasafjóvganir en vegna þeirra eru veittar ívilnanir, auk þess sem óskað var eftir áltí á hvort það geti samræmst jafnræðisreglu stjórnarskrár lýðveldisins Íslands að þegnum landsins sé mismunað á þann

hátt sem að framan greinir eftir búsetu eða réttara sagt eftir því hvaða skattstjóri hafi með ívilnunarbeiðni þeirra að gera.

Umboðmaður Alþingis óskaði eftir upplýsingum og gögnum frá ríkisskattstjóra með bréfi dags. 30. september 1997, svar barst frá ríkisskattstjóra þann 12. maí 1998.

Þann 14. desember 1998 kvað umboðsmaður upp svohljóðandi úrskurð:

Ekki eru efni til að gera athugasemdir við túlkun ríkisskattstjóra um að ekki séu lagaskilyrði til þess að veita ívilnun vegna kostnaðar við ættleiðingu barna samkvæmt 1. tl. 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignaskatt. Hafi slík ívilnun engu að síður verið veitt í öðrum tilvikum, hefur ákvörðun skattstjórnar um ívilnun ekki verið í samræmi við lög. Við túlkun jafnræðisreglunnar er það viðurkennt að hún veiti mönnum almennt ekki tilkall til neins þess sem ekki samrýmist lögum. Hafi efni ákvörðunar orðið ólögmætt, getur aðili í öðru máli almennt ekki borið fyrir sig þá ákvörðun og krafist sambærilegrar úrlausnar. Af þessum sökum tel ég að hjónin eigi ekki rétt til ívilnunar á grundvelli jafnræðisreglunnar.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða mín sí, að ekki sé ástæða til að gera athugasemdir við úrskurð ríkisskattstjóra, þar sem fram kemur að lagaheimild standi ekki til þess að veita ívilnun vegna kostnaðar við ættleiðingu barns á grundvelli 1. tl. 66. gr. laga nr. 75/1981.

Af þessu má vera ljóst að ekki er til neins að óska eftir ívilnun til skattstjóra í framtíðinni, hinsvegar er spurning, hvort ekki þurfi að reyna að koma því til leiðar að sett verði lög um einhverskonar aðstoð við fólk sem ættleiðir börn erlendis frá.

Ingvar Kristjánsson.

Stuðningur við Matri Sneha

Frá fjárlunarnefnd

Barnaheimilið okkar í Kalkútta, Matri Sneha, er rekið í samvinnu við indversk samtök sem heita Indian Society for Rehabilitation of Children (ISRC). Þessi samtök reka margvíslega góðgerðarstarfsemi í borginni, svo sem fæðugjafarstöðvar, leikskóla og skóla á grunnskólastigi fyrir börn í fátækrahverfum, heimili fyrir þroskahefta svo fátt eitt sé talið. Einnig hafa samtökin staðið straum af lækniskostnaði fyrir fátæk börn og hafa hjartaaðgerðir verið

mest áberandi í því sambandi. Indversku samtökin þurfa að sýna fram á að þau sinni vel góðgerðarstarfsemi af ýmsu tagi til að fá leyfi til að senda börn úr landi til ættleiðingar. Auk þess þarf Íslensk ættleiðing að endurnýja starfsleyfi sitt reglulega á Indlandi og sanna í því samhengi fyrir þarlendum stjórnvöldum að hluti fjármagns félagsins fari til annarra verkefna í borginni. Fjárlunarnefnd Íslenskrar ættleiðingar var stofnuð haustið 1997, meðal annars í þeim tilgangi að

Barnasíðan

Ljóð og fleira á barnasíðu

Eyjan mín

Landið mitt er eyja
sem verndar mig og elskar
hafið rennur með því
og elskar mig

Sólin gyllir hafið
og fjöllin falleg eru
stjörnur upp í himni eru
og horfa niður til mínn

Jöklar gjósa
og bæta landið upp
en hafið brýtur af því
og svona er landið mitt



Regína Sigurðardóttir, 10 ára

Brandarar

Ibbi? Hvernig vissi pabbi þinn að við stáumst á bílnum hans í gærkveldi.
Teddi: Manstu eftir stóra feita sköllótta manninum sem við klesstum næstum á?
Já.
Það var pabbi.

Læknir læknir ég gleipti blýantinn minn hvað get ég gert?
- Notaðu bara kúlupenna.

Ívar Egilsson.

Brandari:

Þegar Hafnfirðingar komu niður að sjónum í fyrsta sinn brá sjónum svo mikið að hann hörfaði hið snarasta. Núna kemur hann tvisvar á sólarhring til að athuga hvort að þeir séu þarna ennþá!

búa til sjóð sem gæti stutt við bakið á einhverri góðgerðarstarfsemi ISRC.

Upphaflega var ákveðið að styrkja lítinn leikskóla sem rekinn er fyrir börn fátækra foreldra. Nú hefur sú ósk komið frá Anju, forstöðukonu samtakanna, að við tökum frekar að okkur að styrkja fátæk börn til hjartaaðgerða, enda sé þörfin þar enn brýnni. Kostnaðurinn við hverja hjartaaðgerð á litlu barni í Kalkúttu er 5000 rúpíur, eða u.þ.b. 8000 ísl. kr. Þetta er ekki mikill kostnaður sé miðað við okkar þjóðfélag en óyfirlíganlegur fyrir fjölskyldur sem varla eiga til hnifss og skeiðar. Félögum hefur um nokkurt skeið staðið til boða að leggja fé í þennan sjóð með framlögum á VISA og Euro-reikningum. Nánari upplýsingar um þetta er hægt að fá hjá

Nokkrir orðaleikir:

Viltu Ís, Björn?

Ég fékk ost en hinir sultu!

Er þetta te, Ketill?

Bestu kveðjur. Ásta, Barði, börnin.

Hefurðu séð sól berja sultu...

Það er komið hlé, Barði.

Hefurðu séð bremsu borða?

Er þetta kaffi, Bolli.

Áttu eld, gamli



Pessir duglegu strákar heita Þorvaldur Orri Helgason á Akureyri sem situr vinstra megin og Guðmundur Helgi Haraldsson sem á heima á Húsabrekku. Þeir söfnuðu í fyrrasum peningum til styrktar barnaheimilini í Kalkúttu þaðan sem þeir voru ættleiddir 1990. Við þökkum þeim kærlega fyrir.

Krakkar - Auglýsing
Það vantar alltaf efni á barnasíðuna.

undirrituðum eða stjórn félagsins. Nú hyggjumst við einnig bjóða félagsmönnum að styrkja eitt barn til aðgerðar með framlagi í eitt skipti, þannig að fólk greiði ákveðna upphæð sem stæði straum af öllum kostnaði eins barns, þ.e. 5000 rúpíur. Til dæmis er hægt að hugsa sér að fjölskyldur taki sig saman um að styrkja eitt barn. Við hvetjum alla félagsmenn til að taka þátt í því að veita fátækum hjartveikum börnum í Kalkúttu tækifæri til að komast til heilsu.

REIKNINGUR SJÓÐSINS ER Í ÍSLANDSBANKA: 0513 26 008875. Einnig er hægt að greiða ákveðna upphæð mánaðarlega með Visa/Euro-greiðslum. Í fjárlunarnefnd eru Hrafnhildur Arnkelsdóttir s. 561 3679 og Ingibjörg Eyþórsdóttir s. 561 2539.

Ferðir til upprunlandsins

Ferðaskrifstofan Landnáma kynnir græna ferðamennsku

Oft hefur verið rætt manna á meðal um að skipuleggja sameiginlegar ferðir til upprunala- landa barnanna okkar. Ferðaskrifstofan Landnáma hefur sýnt málín áhuga og sent okkur stutta lýsingu á starfsemi sinni:

"Græn ferðamennska - hvað er það?

Ferðaskrifstofan Landnáma hóf starfsemi sína árið 1996 og er fyrsta og eina íslenska ferðaskrifstofan sem sérhæfir sig í þeirri ferðamennsku, sem kölluð er græn. Græn ferðamennska felur m.a. í sér að ferðast til þess að kynnast náttúru og menningu þeirra landa, sem heimsótt eru. Grænn ferðalangur velur að ferðast í litlum hópum. Honum er umhugað um umhverfi sitt og forðast að menga náttúruna. Hann virðir þjóðmenningu þeirra landa, sem hann heimsækir og er ekki að þróngva gildismati sínu upp á annað fólk, heldur reynir að tileinka sér ýmislegt nýtt frá þeim sem hann kynnist. Hann gistir á hótelum, sem einkennast af menningu landsins, ekki á stórum ópersónulegum kassahótelum. Hann bragðar þjóðarrétti landsins og ferðast á sama hátt og gestgjafar hans. Og það, sem skiptir miklu máli: Hann talar við gestgjafa sína, sem jafningja og sýnir þeim virðingu. Hann nýtur náttúrunnar í ríkum mæli og verndar hana. Hann kaupir vörur í landi því, sem hann heimsækir, vörur, sem færa gestgjöfum hans gjaldeyri og björg í bú, en hann forðast að yfirganga þá með peningaustri. Hann er ábyrgur gestur og ferðalangur.

Sérskipulagðar ferðir fyrir hópa.

Landnáma er vel í stakk búið til að skipuleggja ferð fyrir fólk sem ættleitt hefur börn frá Indlandi og Sri Lanka. Við myndum skipuleggja ferðina með ykkar áherslur og þarfir í huga en einnig benda á hvað annað áhugavert væri að skoða í landinu. Við höfum góð tengsl við ferðaskrifstofur í Indlandi sem við myndum vinna með til að gera ferðina sem besta og eftirminnanlegasta."

Þeir sem hefðu áhuga á að kenna möguleika á að skipuleggja ferðir til upprunalands barnanna okkar sendið okkur bréf á tölvupósti á tölvupóstfang snjolaug@mmedia.is eða mariaj@samorka.is eða hafið samband við skrifstofu félagsins.

Snjólaug Stefánsdóttir/María J. Gunnarsdóttir

Aðalfundur NAC í Reykjavík í september

Aðalfundur og ráðstefna samtaka norrænu ættleiðingarfélaganna, Nordic Adoption Council (NAC), verður haldinn í Reykjavík 9.-11. september n.k.

Aðalfundurinn er haldinn annað hvert ár til skiptis í löndunum og er röðin nú komin að Íslandi en við gengum formlega í samtök þessi árið 1995. Í tengslum við aðalfundinn sem eingöngu er ætlaður starfsmönnum og stjórnunum félaganna sjálfra, er hluti úr degi yfirleitt ætlaður opinberum aðilum og fulltrúum stjórvalda frá hverju landanna og opinn dagur sem eins og nafnið gefur til kynna er öllum opinn. Eitt ákveðið tema er tekið fyrir í hvert skipti og hefur verið ákveðið að í ár verði umfjöllunarefnið: *Börn sem alast upp á stofnunum, með sérstakri áherslu á Rúmeníu.* Reynt verður að nálgast efnið frá sem flestum hliðum s.s. hvaða áhrif það hefur til lengri og skemmri tíma á börnin, hegðunarmynstur, tengslamyndun ofl. Við fáum til okkar sérfræðinga frá Englandi sem skýra frá samanburðarrannsóknunum á ættleiddum börnum í Englandi og börnum sem voru ættleidd þangað frá Rúmeníu og spenna þær yfir nokkur ár. Einnig mun skrifstofustjóri norska félagsins Verdens Barn, Torill Andersen halda erindi, en hún bjó í Rúmeníu í um 3 ár og vann þar sem tengiliður fyrir sitt félag.

Petta efni er okkur í stjórn ÍÆ nokkuð hugleikið þar sem ættleiðingar frá Rúmeníu eru orðnar að veruleika og því full ástæða fyrir okkur að fylgjast vel með öllum rannsóknunum og öðru því sem getur komið okkur að gagni í framtíðinni, þannig getum við betur undirbúið verðandi kjörfordra og veitt góða þjónustu. Síðast en ekki síst munum við fá íslenska foreldra til að segja frá sinni reynslu. Nú þegar höfum við orðið vör við mikinn áhuga á ráðstefnunni og eigum von á því að hún verði vel sótt. Þegar nær dregur og dagskráin verður fullmótuð verða öllum félögum ÍÆ send bréf með ýtarlegum upplýsingum.

IB

Félagsgjöld

Gíróseðill vegna félagsgjalda fylgir fréttabréfinu. Við vonum að hann greiðist sem allra fyrst og minnum einnig á eldri skuldir ef um er að ræða.